

Samband íslenskra sveitarfélaga  
b.t. Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

Reykjanesbæ, 5. maí 2023

## Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Starfsmannafélags Suðurnesja um verkföll

Daganna 28. apríl til 4. maí 2023 var haldin atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Starfsmannafélags Suðurnesja sem starfa í grunnskólum um boðun verkfalls. Niðurstaðan varð sú að **145** samþykktu verkfallsboðun af alls **148** greiddum atkvæðum. Þannig samþykktu **97,97%** félagsmanna verkfallsboðun. Þátttakan var **89,16%** eða **148** af alls **166** sem voru á kjörskrá.

Það tilkynnist hér með að vinnustöðvanir munu hefjast á miðnætti aðfaranótt 23. maí 2023 og verða sem hér segir:

Frá og með klukkan 00:00 þriðjudaginn 23. maí 2023 til klukkan 12:00 þriðjudaginn 23. maí 2023

Frá og með klukkan 00:00 miðvikudaginn 24. maí 2023 til klukkan 23:59 miðvikudaginn 24. maí 2023

Frá og með klukkan 00:00 fimmtudaginn 25. maí 2023 til klukkan 12:00 fimmtudaginn 25. maí 2023

Virðingarfyllt,

f.h. Starfsmannafélags Suðurnesja

  
Trausti Björgvinsson, formaður

Afrit sent: Inga Rún Ólafsdóttir og Reykjanesbær.